Orgel-harmoníum í kirkjum austanfjalls, söngmenn ofl.

6 blöð qto.

20.

# Orgel-Harmoníum í kirkjum austanfjalls, söngmenn o. fl.

Eins og ég hefi að vikið í öðrum stað, var Orgel-Harmoníum notað í fyrsta sinni í Stokkseyrarkirkju, 4. júní 1876 og vígt af sóknarprestinum séra Páli Bjarnasyni, er það ár tók við prestsþjónustu austur þar. Hljóðfæri þetta var fengið fyrir atbeina sóknarnefndar Stokkseyrarkirkju og milligöngu P. N. B. Lefolii stórkaupmanns. Sóknarnefndina skipuðu þá þessir menn:

Guðmundur Thorgrímsen verzlunarstjóri, Þorleifur Kolbeinsson kaupmaður á Stóru Háeyri, Grímur Gíslason í Óseyrarnesi (móðurbróðir minn), Páll Eyjólfsson bóndi í Íragerði (móðurafi Páls Ísólfssonar), en kona hans var Þorgerður Gísladóttir (móðursystir mín) og Páll Jónsson hreppstjóri í Syðra Seli (faðir minn). Hinn 27. janúar 1876 skrifaði sóknarnefnd þessi ávarp nokkurt til sóknarmanna og annara, er áhuga kynnu að hafa fyrir því, að hljóðfæri væri keypt til kirkjunnar. Á eg bréf þetta og söfnunarlistana alla, og er þar gert ráð fyrir, að hljóðfærið muni kosta Kr. 400.-, en að lokinni söfnuninni kom í ljós, að 2 aura vantaði upp á þá upphæð, því loforð fengust fyrir Kr. 399,98 aurum, eins og söfnunarlistarnir sýna.

Þá getur og bréf þetta þess, að ungfrú Sylvía, dóttir Thorgrímsen muni kenna
HH Bjarna Pálssyni (bróður mínum, sem þá var aðeins 17 ára að aldri) ~~ff~~ ætti að leika á hljóðfæri þetta, og að hann sé boðinn til þess og mjög efnilegur. Hljóðfærið, sem Bjarni lék á og vígt var 4. júní 1876, hafði flutzt til Eyrarbakka haustið áður, eða 1875, því hinn 14. okt. það ár, sat ég allan þann dag hjá Bjarna úti í „Húsinu" á Eyrarbakka við hlið hans, meðan hann var að æfa sig, og þótt viðfangsefni hans að þessu sinni væri einföldustu æfingar, hlustaði ég svo hugfanginn á þær, að ég vissi naumast í þennan heim né annan.

En að ávarp sóknarnefndarinnar kemur eigi fram fyrri en fjórum mánuðum síðar, eða 27. jan. 1876, eins og áður er sagt, kom af því, að sóknarnefndin vildi fá tryggingu til taksins með organistann, enda mun hana hafa grunað, að nýjung þessari mundi eigi verða sem best tekið af öllum þorra sóknarmanna og átti

hún þar kollgátuna í því efni, því andstaðan varð bæði mikil og megn: „Hól-staðamennirnir báðu, „að með því að fá orgel í kirkjuna væri verið að skemma þeim gamla versfró"! Bak þetta var langt. Að þeir, sem meðmæltir voru orgelkaup-unum urðu að vitna til ritningarinnar um það (úr hinum síðasta sálminum í Davíðssálmum) að hljóðfærasláttur væri Guði þóknanlegur, en þar segir:
„Lofið Guð í hans helgidómi, .... Lofið hann með lúðurhljómi, lofið hann með hörpu og gígju! Lofið hann með bumbum og gleðidansi, lofið hann með strengleik og hjarð-pípum! Lofið hann með hljómandi skálabumbum, lofið hann með hvellandi skála-bumbum! Allt, sem andardrátt hefir, lofi Jah! Hallelúja!"
Aðeins vissu menn eigi hvernig á að það þetta (orgelið) var „innréttað", hvort það hefði notið af þessum „hvellandi skálabumbum", hörpum eða lúðrum, og vildu þeir því eigi að óreyndu falla frá hinni fyrri stöðu sinni, jafnvel þótt enga staðfestingu gæti þeir fengið fyrir henni með því að vitna í ritninguna eins og hinir gerðu. Loks kom svo að því, að allir þeir, er mesta andúð sýndu í máli þessu urðu bestu stuðningsmenn þess. Hér var aldrei um marga menn að ræða, en þeir mátu sig vel meðan misklíð þessi stóð yfir, og voru all-otsel-eggir með köflum. Þetta mun sóknarnefndin hafa séð og vitað að var satt og því eigi hafist handa fyrri en séð var, að allt mundi vel fara.

Þeir, sem mest létu af hendi rakna við samskot þessi, gáfu 20 kr. eða 10 kr. en enginn minna en sem svaraði einu ríkismarki, 33 aurum og þeir voru flestir; af þessu sézt, að þátttakan hefir verið mikil og góður vilji almennur.

Árið áður kom orgel í Arnarbæliskirkju og var það fyrsta orgelið, sem kom í kirkju í Árnessýslu og í sveitir austanfjalls. Organistinn þar var prestskonan sjálf, frú Guðrún Guðjohnsen, kona séra Jens Pálssonar.
Veturinn 1878–79 eignaðist Bjarni sál. bróðir minn lítið harmoníum; var það frá G. B. Wood í Boston. Þá um veturinn var Einar Einarsson frá Laxárdal í Hrunamannahreppi (síðar organisti í Hafnarfirði) með orgelkúl. þetta í heimili mínu að Syðradal; og nam sitt hjá Bjarna, og hafði ég [jafnframt] þó átt kost á því, að læra

í hljóðfæri þetta og njóta tilsagnar bróður míns, en áhuginn fyrir því var þá eigi orðinn svo mikill, að ég notaði mér þetta góða tækifæri til þessa. Það var ekki fyrr en 1881, að ég, fyrir atbeina móður minnar og hjálp Bjarna bróður míns byrjaði hjá honum á því námi og árið eftir var ég orðinn svo „fær“, að ég var látinn „spila“ í Stokkseyrarkirkju við og við, þegar Bjarni var að einhverju leyti forfallaður. Loks kom svo að því, að þegar hann féll frá, 24. febr. 1887, varð ég að taka við því starfi eftir hann. —

Hvenær „aftansöngvarnir“ byrjuðu í Stokkseyrarkirkju man ég ekki, en það mun hafa verið nálægt 1880. Voru þá ávalt sungin hin ágætu sálmalög (í Gamlárskvöld), Nú sefur jörð og hjartablómi (eftir N. C. Gade) og Við sérstök tímamóta tíða (eftir J. P. Schultz), er hið síðara nú komið inn í kirkjusöng vorn, en hið síðara, því miður, ekki, og er það sennilega vegna þess, að það er hvergi til nema fjórraddað.

Árið 1883, hinn 11. nóv. var hátíðaguðsþjónusta haldin í Stokkseyrarkirkju í minningu þess, að þá voru liðin 400 ár frá fæðingu Martin Luthers og var messuupphafssálmurinn þá nr. 1. í sálmabókinni, Vér allir trúum á einn guð og í lok guðsþjónustunnar sálmurinn nr. 420, (~~Óvinnanleg borg er vor guð~~) Vor guð er borg á bjargi traust, og þá mun hafa verið í eldri sálmabók eða tíðabóki og byrjað þannig: Óvinnanleg borg er vor guð, enda er það lagboðinn nú, og hinn sami er verið hefir.

Þegar kirkja var reist á Eyrarbakka og vígð 14. des. 1890, var Stokkseyrarsókn skift í tvær kirkjusóknir, Stokkseyrar- og Eyrarbakka. Við kirkjuvígslu þessa voru 13 sálmar sungnir og var messuupphafssálmurinn nr. 595. í sálmabókinni, Ó, maður, hvar er hlífðarskjól. Hallgrímur biskup Sveinsson hélt vígsluræðuna, en sóknarprestarinn, séra Jón Björnsson var fyrir altari fyrri hluta guðsþjónustunnar og flutti hann einnig stólræðuna, en séra Sæmundur Jónsson prófastur í Hraungerði þjónaði fyrir altari síðari hluta þessarar ~~hátíðlegu~~ tilkomumiklu vígsluhátíðar. Var það þá, að ég heyrði hina undurfögru söngrödd hans í síðasta sinni, og man ég eigi til að ég hafi heyrt fegurri

tóna (tenor) úr neins manns barka fyrr eða síðar; það voru flageolette-tónar hinir fegurstu, háir mjög og hreinstilltir. Fegurstu og dýpstu bassa-tóna hefi ég heyrt úr þessara þriggja manna: Sigurðar Eiríkssonar regluboða (föður biskupsins, herra Sigurgeirs Sigurðssonar), Guðmundar Oddgeirssonar (d. í Buenos Ayres 5. des. 1920) og Jóns Jónassonar Helgasonar Organista. Dýpstu tónar þeirra hvers um sig, náðust niður í Kontra-A., hreinir og fagrir. Tveir hinir, fyrr-nefndu (S.E. og G.O.) sungu við vígsluathöfnina 14. des. 1890, hinn fyrri söng bassa, en hinn síðari millirödd, þá aðeins 13 ára, og mundu þeir hvor um sig hafa nægt hver fyrir sína rödd; svo fyllandi voru raddir þeirra og hljómfagrar.

Úr því að ég fór að minnast á raddmenn, einkum bassa, má til benda á, auk þeirra, er hér eru áður nefndir, á Litlahraunsfeðga, Þórð gamla Guðmundsen kammeráð og son hans, Þórð lækni, er fór til Ameríku, og séra Oddgeir prest í Vestmannaeyjum, svo og Lambertsen og Jón Guðmundsson frá Hóli hér í Reykjavík. Til þessara tveggja síðastnefndu heyrði ég aðeins einu sinni hér í Dómkirkjunni við messugjörð og þótti mikið til koma; til hins heyrði ég oft og fannst mikið um.

Nú á síðari árum var Sigurður Hjörleifsson núverandi lengi aðstoðarmaður minn hér við Dómkirkjuna og er það enn, hjá Páli Ísólfssyni. Hefir Sigurður mikinn bassaróm og góðan.

Sömuleiðis er hér nú í uppsiglingu söngmaður góður, þar sem er Guðmundur Jónsson kaupmanns Þórðarsonar. Hefi ég aðeins heyrt hann í Útvarpinu og svo í Jóhannesar-passíunni. Rödd Guðmundar er feiknamikil, eigi einungis í djúpum tónum, heldur og í háum. Þegar hann syngur í kórnum, er það eins og höfuð registur í Orgeli bætist við, t.d. Bordun eða ~~Subbas~~, svo fyllandi er röddin og samþýðleg öðrum röddum. Þannig er og rödd Gísla Guðmundssonar bókbindara, sem ávalt hagar henni svo, að hún sker sig aldrei úr, en fyllir svo upp í raddir annara, hversu margir sem syngja, eins og væri það Grandjeu-rödd í orgeli sem þá kæmi til greina.

Hol
7 Trumpet

Vitanlega gæti ég haldið þannig áfram að minnast fjölda ágætra söngmanna, sem ég hefi heyrt og meðal kvenna þá einna helst þessara: „Hólssystra", þ.e. Jónu og Halldóru Þórðardætra frá Hóli, systra „Símonar í Hól", Margrétar G. Halldórsdóttur trésmiðs Eiríkssonar, sem Jón Jónasson Helgasonar, sagði mér, að hann hefði aldrei heyrt jafn mikla og fagra millirödd syngja sem af henni. Þá einnig þá frú G. Nielsen á Eyrarbakka, Guðmundu dóttur hennar, frú Kristínu Blöndal, konu Ásgeirs á Eyrarbakka, Elínu Sigurðardóttur, konu Kristjáns Jóhannessonar, Ástu og Halldóru, dætur Guðm. Ólafss. á Eyrarbakka, hver um sig ágætar söngkonur, svo og Eyfríð [illegible]dóttur, Finnssonar, Sigríði Ástbjarnardóttur, konu Sigurjóns á Álafossi, Sigríði, dóttur Þorsteins Jónssonar járnsmiðs, og Sigríði, dóttur Jóns Þórðarsonar, báðar meðal hinna bestu söngkvenna, að ógleymdri frú Elísabetu Jónsdóttur frá Grenjaðarstað og Vilborgu systur hennar. —

Svo ég hverfi aftur að kirkjuhljóðfærunum get ég upplýst, að orgel-Harmonium, mjög vandað, kom í Stóra Núpskirkju árið 1909; útvegaði ég það frá M. Hörügel í Leipzig-Leutzsch og er það enn við lýði. Hljóðfæri frá verksmiðju þessari útvegaði ég í margar kirkjur landsins, en hvort hljóðfæri þetta, í Stóra Núpskirkju var hið fyrsta er þangað kom, veit ég ekki; tel ég líklegt að hljóðfæri hafi verið komið þangað áður, en árið 1886 var þar ekkert hljóðfæri, enda komu nokkrir „Hreppamenn" þaðan til Bjarna sál. bróður míns til þess að læra að syngja lögin við sálmana í sálmabókinni, er þá var að koma út eða komin út. Voru piltar þessir úr sóknum séra Valdemars Briem, Stóra-Núps- og Hrepphólasóknum, 9 eða 10 að tölu. Eigi man ég til að aðrir væri úr Hrunasókn en 1 eða 2 og úr Biskupstungum enginn.

Hvenær hljóðfæri kom í Torfastaðakirkju, veit ég ekki, en sumarið 1889, þegar ég var kaupamaður á Vatnsleysu og einnig 1890 var það komið, því ég spilaði á það bæði þessi sumur við messugerðir hjá séra Magnúsi Helgasyni.

## Orgel-Harm. m/ 2 manualer & Pedal

### Register:

**I. man.:** Diapason 8' — Gamba 8'
Diapason-dolce 8' — Dolce 8

**II. man.:** Euphone 8' — Salicional 8'
Dolce 8' — vox Jubilante 8'

**Pedal:** Subass 16' — Principal 8'

Vox humana.
Forte

### Combinationer:

**Man. Koppel:** I. man. — II. man.
**I. man.:** Oktavkoppel. — Forte.
**II. man.:** Sweller.

**General Forte**

**Motor:** 1/4 hk.

**Kbh. 1904.**

[signature]